



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2013

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| INNGANGUR | 4 |
| HLUTVERK OG SKIPULAG | 9 |
| STARFIÐ 2013 | 10 |
| RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR..... | 10 |
| JAFNRÉTTISÁÆTLANIR | 10 |
| ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM..... | 11 |
| UMSAGNIR..... | 11 |
| TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM STÖÐU KARLA OG KVENNA 2013..... | 12 |
| SKÝRSLA JAFNRÉTTISSTOFU UM NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA..... | 12 |
| SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR | 12 |
| NEFNDIR OG VINNUHÓPAR..... | 13 |
| JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA | 13 |
| KYNJUÐ HAGSTJÓRN | 13 |
| MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS..... | 13 |
| RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA..... | 13 |
| VELFERÐARVAKTIN | 13 |
| SAMRÁÐSHÓPUR UM REGLUGERÐ JAFNLAUNAVOTTUN | 14 |
| STARFSHÓPUR UM AUKNA ÞÁTTTÖKU KARLA Í JAFNRÉTTISSTARFI | 14 |
| FJÖLMIÐLANEFND | 14 |
| FRAMKVÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA..... | 14 |
| SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS..... | 15 |
| SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS..... | 15 |
| SÉRFRÆÐIHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆÐSLU | 15 |
| MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR | 15 |
| JAFNRÉTTISTORG..... | 15 |
| 8. MARS | 15 |
| ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA | 16 |
| LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA..... | 16 |
| 24. OKTÓBER | 16 |
| 16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI | 17 |
| FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI..... | 18 |
| NÁMSKEIÐ | 19 |
| STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN | 20 |
| NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA | 20 |
| NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU | 20 |
| JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA | 20 |
| NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI | 20 |
| VERKEFNI | 21 |
| KARLAR TIL ÁBYRGÐAR..... | 21 |
| KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA | 21 |
| JAFNRÉTTISFRÆÐSLA OG NÁMSEFNISGERÐ | 21 |
| STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU | 22 |
| UPPLÝSINGAR UM JAFNRÉTTI KYNJA Á ENSKU | 22 |

| | |
|---|----|
| ERLENDIR OG INNLENDIR GESTIR..... | 22 |
| HEIMASÍÐA JAFNRÉTTISSTOFU..... | 23 |
| GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU..... | 23 |
| RÉTTUR ÞINN | 24 |
| NORRÆNT SAMSTARF | 24 |
| SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi | 25 |
| ESB / EFTA: | 25 |
| Evrópuráðið: | 25 |

INNGANGUR

Jafnréttisstofa hefur margvíslegu hlutverki að gegna. Samkvæmt lögum n.r 10/2008 ber stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, stunda fræðslu- og útgáfustarf, safna tölfræðilegum upplýsingum, veita ráðgjöf og taka þátt í margskonar samstarfi á sviði jafnréttismála innanlands sem erlendis og er verkefnalistinn þó alls ekki tæmdur. Þessar lagalegu skyldur eru hluti af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga í samræmi við Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1979, Pekingsáttmálann frá 1995 og þær tilskipanir Evrópusambandsins um jafnréttismál sem við höfum innleitt.

Undanfarin ár hefur stofan unnið markvisst að því að innkalla jafnréttisáætlanir sveitarfélaga, skóla, fyrirtækja og stofnana í landinu. Fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri eiga að hafa jafnréttis- og aðgerðaáætlanir um tiltekin atriði, svo sem launajafnrétti, samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, kynferðislega áreitni o.fl. Þetta er mikil vinna en hún gefur kost á frjóum samskiptum við stofnanir og fyrirtæki sem leita ráða við gerð og endurskoðun áætlana. Flestum stjórnendum er ljóst hve mikilvægt er að hafa góðar jafnréttisáætlanir sem eru hluti af góðri mannauðsstjórnun. Of margir hafa ekki sinnt lagalegri skyldu sinni, t.d. þó nokkur sveitarfélög en vonandi stendur það til bóta. Þessar jafnréttisáætlanir ná aðeins til jafnréttis kynjanna. Starfsfólk Jafnréttisstofu finnur oft fyrir því hve lagalegri vernd minnihlutahópa er ábótavant hér á landi en um árabil hefur staðið til að innleiða tvær tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunu á grundvelli uppruna, trúar, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar o.fl. Einstaklingar hafa leitað til Jafnréttisstofu vegna þess að þeir telja að á þeim hafi verið brotið, t.d. vegna fötlunar eða aldursfordóma, en við höfum engin úrræði, enn sem komið er. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki hefur innleitt bann við mismunun gegn minnihlutahópum. Hér á eftir verður farið yfir helstu verkefni og viðburði ársins 2013.

Eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu er að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samvinnu við aðra aðila og því fylgist starfsfólk grannt með umræðu um þau málefni og þeim aðgerðum sem gripið er til hverju sinni. Í byrjun árs 2013 var sprengjum kastað inn í íslenskt samfélag þegar starfsfólk Kastljóss ríkissjónvarpsins afhjúpaði barnaníðing sem fengið hafði að leika lausum hala áratugum saman án afskipta opinberra aðila. Konur en þó einkum karlar komu fram og sögðu sögu sína, bæði þolendur þessa ákveðna níðings en einnig annarra manna. Þá var rifjuð upp hörmuleg nauðgunarsaga ungrar konu sem varð að flýja sitt bæjarfélag vegna viðbragða hluta samfélagsins sem fór í vörn fyrir nauðgarann. Öll þessi mál minna okkur á þá miklu þöggun sem hér hefur ríkt öldum saman um kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum. Afleiðingin er ómældar þjáningar brotþola, refsileysi ofbeldismanna og skömm samfélagsins. Ofbeldið endurspeglar samfélag sem ekki ver börn sín, stúlkur sem drengi, og tekur gróft ofbeldi karla gegn konum ekki nægilega alvarlega. Óhætt er að fullyrða að þær umræður sem sköpuðust í kjölfar afhjúpana RÚV vöktu marga til vitundar um ótrúlegt umfang kynferðisofbeldis gegn börnum og nauðsyn forvarna og aðgerða til að stemma stigu við því. Ríkisstjórnin brást við og setti nefnd á laggir sem fékk stuttan tíma til starfa. Hún lagði fram ítarlegar tillögur um aðgerðir sem nýttar voru í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem á að taka á kynferðisofbeldi sem börn eru beitt en hún var samþykkt í apríl.

Hvað varðar hefðbundið jafnréttisstarf hófst árið 2013 á því að hópur á vegum velferðarráðuneytisins tók til starfa til að fylgja eftir tillögum um aðgerðir til að draga úr launamun kynjanna. Sérstakur starfsmaður vinnur í velferðarráðuneytinu við að fylgja tillögunum eftir og var opnaður sérstakur vefur verkefnisins undir lok ársins.

Í lok janúar var nokkrum fulltrúum frá Íslandi, þar á meðal undirritaðri, boðið á ráðstefnu í Finnlandi þar sem nýlegur *Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi* var kynntur. Samningurinn er kenndur við borgina Ístanbul en þar var hann fyrst undirritaður í maí 2011. Unnið er að innleiðingu hans um alla Evrópu, þar með talið á Íslandi, en hann felur í sér margvíslegar skuldbindingar stjórnvalda varðandi forvarnir, fræðslu, vernd brotþola og aðgerðir til að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum. Í þessum samningi nær hugtakið kona yfir kvenkynið frá vöggu til grafar.

Í febrúar reið Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR) á vaðið og hóf mikla auglýsingaherferð í fjölmiðlum til að vekja athygli á launamisrétti kynjanna. Jafnframt bauð VR upp á jafnlaunavottun sem unnin er í samstarfi við erlent fyrirtæki. Tilboð VR vakti nokkra athygli og umræður þar sem nýlega hafði verið gengið frá jafnlaunastaðli í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og velferðarráðuneytisins. Enn er unnið að innleiðingu hans en það ferli er nokkuð flókið. Það verður að koma í ljós hvort boðið verður upp á mismunandi vottun fyrir fyrirtæki eða hvort vottunin verður samræmd.

Marsmánuður er að öllu jöfnu viðburðaríkur. Um allan heim er haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars. Jafnréttisstofa var aðili að fundi sem Zontaklúbbarnir stóðu fyrir á Akureyri en þar var rætt um orsakir og afleiðingar „fegrunaraðgerða“ sem allmargar konur láta gera á kynfærum sínum sem og öðrum líkamshlutum. Vakti fundurinn verulega athygli og dró fram hve brýnt er að ræða slík mál. Í byrjun mars var stofnað nýtt kvenfélag, Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Félagskonur gagnrýna þá karllægu sýn sem hefur verið ríkjandi varðandi áfengismeðferð og hafa bent á að meðferðaraðilar beini ekki nægjanlega sjónum að þeirri staðreynd hve margar konur í vímuvanda eru þolendur ofbeldis. Það er áhættuþáttur í lífi mjög margra kvenna sem þarf að vinna með.

Í New York var haldin árlegur fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 4. – 15. mars, sá 57. í röðinni. Aðalumræðuefnið að þessu sinni var ofbeldi gegn konum sem er mjög viðkvæmt efni. Víða um heim er ofbeldi í nánnum samböndum talið til einkamála sem stjórnvöld eigi ekki að skipta sér af enda hluti af aldagömlum völdum karla yfir konum og fjölskyldunni. Ofbeldi gegn konum á átakasvæðum kom mikið við sögu enda er því markvisst beitt til að brjóta samfélög niður eða hreinlega í hefndarskyni. Refsileyfi (e. impunity) er mjög algengt þegar ofbeldi gegn konum á í hlut en það sýnir að það er ekki tekið alvarlega sem glæpur og mannréttindabrot. Rétturinn til að lifa við öryggi án ofbeldis er því miður lítilsvirtur um allan heim. Að venju gaf Jafnréttisstofa út bæklinginn *Konur og karlar á Íslandi 2013* fyrir fundinn, bæði á ensku og íslensku, en hann er samvinnuverkefni stofunnar, Hagstofu Íslands og velferðarráðuneytisins.

Í apríl hélt ofbeldisumræðan áfram. Samtökin *Blátt áfram* boðuðu til mjög athyglisverðrar ráðstefnu um kynferðisofbeldi í íþróttum. Enskur sérfræðingur Celia Brackenridge kom til landsins og flutti hún mjög vekjandi erindi. Það gefur auga leið að íþróttir geta verið og eru vettvangur eineltis og ofbeldis. Þær gefa þeim sem ætla sér að brjóta gegn börnum ýmis tækifæri við þjálfun, á ferðalögum sem og í öðrum samskiptum. Það kom þó einnig fram að íþróttir geta verið skjól og vörn fyrir börn sem sæta ofbeldi innan fjölskyldu. Fleira tengt ofbeldi og mannréttindabrotum gerðist í aprílmánuði. Ríkisstjórnin samþykkti nýja áætlun gegn mansali og samþykkt var fyrrnefnd aðgerðaáætlun til að kveða niður kynferðisofbeldi sem börn eru beitt.

Af öðru sem gerðist í aprílmánuði má nefna að starfshópur um karla og jafnrétti skilaði af sér skýrslu en verkefnið var hluti af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Styrkir voru veittir úr framkvæmdasjóði ríkisstjórnarinnar en þeir voru ætlaðir til verkefna á vegum ráðuneytanna. Alþjóðlegi jafnréttisskólinn (GEST) sem starfað hefur við Háskóla Íslands um árabíl varð hluti af háskólum Sameinuðu þjóðanna sem verður að teljast til verulegra tíðinda. Stóra málið í apríl voru svo alþingiskosningarnar 27. apríl. Því miður urðu úrslitin þau að konum fækkaði bæði á Alþingi og í ríkisstjórn. Hluttur kvenna á Alþingi fór úr 43% í tæp 40% og við völdum tók ríkisstjórn þar sem konur eru aðeins þrjár af níu ráðherrum eða 33,3%.

Í maímánuði flutti Kristín Árnadóttir páverandi sendiherra Íslands í Kína erindi á stórri kvennaráðstefnu sem haldin var í Hong Kong þar sem hún tíundaði árangur Íslands á sviði kynjajafnréttis. Enn bættist í ofbeldisumræðuna þegar kynnt var rannsókn á ofbeldi gegn fötluðum konum. Sú skýrsla er vægast sagt dapurleg lesning. Einnig var kynnt skýrsla um stöðu jafnréttismála í háskólum þar sem pottur er víða brotinn. Starfshópur um samræmingu fjölskyldu og atvinnu skilaði af sér skýrslu og tillögum til velferðarráðherra enn eitt verkefnið í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lauk á árinu. Undir lok mánaðarins kom nefnd frá mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna til landsins til að gera úttekt á stöðu kynjanna hér á landi. Nefndin heimsótti og ræddi við fjölmarga aðila og sendi síðan frá sér skýrslu og athugasemdir sem reyndar á eftir að ræða og vinna úr.

Í júní bar helst til tíðinda að haldið var upp á kvenréttindadaginn 19. júní svo sem vera ber. Á Akureyri var farin kvennasöguganga um Eyrina en undanfarin ár hefur verið gengið um innbæinn, elsta hluta Akureyrar. Það reyndist vera mjög margt frásagnvarvert úr sögu kvenna á Eyrinni og tók gangan mun lengri tíma en áætlaður hafði verið. Í júní kom út bæklingurinn *Býrð þú við ofbeldi* á vegum velferðarráðuneytisins en hann tengist þeirri merku vinnu sem á sér stað á Suðurnesjunum við að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum.

Sumarið gekk í garð með tilheyrandi leyfum en þegar vinna hófst að nýju kom nýr jafnréttisráðherra Eygló Harðardóttir í heimsókn til Jafnréttisstofu til að kynna sér stöðu mála. Fjárlaganefnd Alþingis kom einnig í heimsókn til að kynna sér starfið og urðu góðar umræður við Alþingismenn sem mættu sjást oftast norðan heiða.

Í byrjun september var haldinn árlegur fundur norrænna jafnréttisstofnana og var hann að þessu sinni hér á landi og að sjálfsögðu í Norræna húsinu. Aðalumræðuefnið voru hlutverk frjálsra félagasamtaka við að kveða niður hvers kyns mismunun og svo hatursorðræða og hatursglæpir. Síðar talda efnið verður æ áleitnara ekki síst vegna óhaminnar umræðu á netinu þar sem fólk eys úr skálum reiði, fordóma og svívirðinga og er jafnvel með hótanir um limlestingar, nauðganir og jafnvel manndráp. Það eru ekki síst femínistar hér á landi sem fá að finna fyrir hatursorðræðunni. Hatursglæpir valda miklum áhyggjum á Norðurlöndunum en þeir beinast einkum að fólki af erlendum uppruna, bæði börnum og fullorðnum.

Árlegur fundur jafnréttisnefnda sveitafélaga var haldinn á Hvolsvelli um miðjan september. Fundurinn var vel sóttur og komu fulltrúar víða að af landinu. Meðal efnis á fundinum var athyglisverð umfjöllun um kynin og landsbyggðirnar, vinna Rangárþings eystra að málefnum fólks af erlendum uppruna var kynnt sem og árvekniverkefnið gegn heimilisofbeldi á Suðurnesjum. Sagt var frá starfi að jafnréttismálum í einstökum sveitarfélögum, fjallað um tillögur vinnuhópsins um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og sagt frá því hvernig sveitarfélagið Garðabær kemur til móts

við fjölskyldurnar, m.a. með sérstökum strætisvögnum sem keyra á milli grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttahúsa. Sá akstur sparar foreldrum mörg sporin og dregur stórlega úr umferð, mengun og vinnutapi.

Í október var haldið upp á kvennafrídaginn 24. október í 38. sinn. Þann dag var tíu milljónum króna úthlutað úr jafnréttissjóðnum en hann er ætlaður til rannsókna á sviði kynjajafnréttis. Áður en að honum kom var minnt á alþjóðadag Sameinuðu þjóðanna um málefni stúlkubarnsins 11. október, sem nú var haldinn í annað sinn. Stúlkur búa við mikið misrétti víða um heim, t.d. hvað varðar aðgang að menntun, heilsugæslu, barnagiftingar og ýmislegt annað sem þær mega þola fyrir það eitt að vera kvenkyns. Enn komu ofbeldismálin við sögu því haldin var mjög fjölmenn rástefna um ofbeldi gegn fötluðu fólki. Skýrsla var birt um stöðu kvenna innan lögreglunnar og vakti hún mikla athygli. Rannsóknin sem skýrslan byggði á leiddi í ljós vanlíðan kvenna innan lögreglunnar og að þær verða fyrir töluverðri kynferðislegri áreitni og finnst þeim ekki treyst af samstarfsmönnum sínum af karlkyni. Kvenréttindafélag Íslands tók málið upp á fundi sem haldinn var í nóvember.

Þann 24. október hófst jafnréttisvika í aðdraganda jafnréttisþingsins sem haldið var 1. nóvember. Í jafnréttisvikunni birtust greinar í fjölmiðlum og ýmsir atburðir voru skipulagðir. Undir lok mánaðarins gaf Jafnréttisstofa út ítarlegt tölfræðiefni um ýmsa þætti er snerta jafnrétti kynjanna. Jafnréttisþingið var svo haldið 1. nóvember eins og áður sagði undir yfirskriftinni: Ísland best í heimi? Það var afar vel sótt og voru flutt fjölmörg erindi, einkum í vinnustofum. Fjallað var um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, kynskiptan vinumarkað, kynjaða hagstjórn, kyn og völd, framtíðarskipulag jafnréttismála og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins. Í nóvember var Ísland verðlaunað í Brussel af nýstofnuðum alþjóðasamtökum þingkvenna fyrir góða frammistöðu í jafnréttismálum og tók Eygló Harðardóttir ráðherra jafnréttismála við verðlaununum fyrir Íslands hönd.

Um miðjan nóvember varð framkvæmdastýra Jafnréttisstofu þess heiðurs aðnjótandi að vera boðið ásamt fjórum öðrum fulltrúum á ráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í Noregi. Þetta var afar góð og fróðleg ráðstefna þar sem raddir kvenna víða að úr heiminum, ekki síst frá átakasvæðum, fengu að hljóma. Þar talaði líka Gro Harlem Brundtland fyrrverandi forsætisráðherra Noregs (sú fyrsta á Norðurlöndunum til að gegna því embætti). Hún er hreint ekki sest í helgan stein heldur sinnir málefnum eldri borgara af miklum móð.

Þann 25. nóvember hófst árlegt alþjóðlegt átak Sameinuðu þjóðanna gegn því ofbeldi sem konur eru beittar víða um heim. Upphafsdagur átaksins er sérstakur baráttudagur gegn ofbeldi en átakanu lýkur á mannréttindadegi SP 10. desember. Meðal atburða sem skipulagðir voru hér á landi voru ljósagöngur í Reykjavík og á Akureyri, málþing, upplestrar o.fl.

Milli fyrstu og annarrar umræðu um fjárlög íslenska ríkisins bárust þau tíðindi að framlög ríkisins til Jafnréttisstofu yrðu skorin niður um tæp 10% frá upphaflegri áætlun. Þetta er mun meiri niðurskurður en aðrar stofnanir fengu sem heyra undir velferðarráðuneytið. Það er ekki hægt að túlka þessa aðgerð öðru vísi en sem pólitísk skilaboð. Jafnrétti kynjanna er greinilega ekki forgangsmál eða halda sumir stjórnámálamenn að settum markmiðum hafi verið náð? Niðurskurðurinn þýðir að framlag ríkisins dugar ekki einu sinni fyrir launum þegar búið er að draga frá leiguna á Borgum og framlag til verkefnisins *Karlar til ábyrgðar* sem Jafnréttisstofa heldur utan um. Niðurskurðurinn er einkar bagalegur þar sem Ísland fer með formennskuna í Norrænu ráðherranefndinni 2014 en hún leggur okkur margvíslegar skyldur á herðar, m.a. í jafnréttismálum þar sem mikið stendur til. Samstarf Norðurlandanna á sviði kynjajafnréttis verður 40 ára og verður

m.a. haldin afmælisráðstefna, auk annarra funda og ráðstefna. Það kemur í hlut Íslands að stýra stefnumótun fyrir næstu fjögur ár sem og að undirbúa Peking+20 árið 2015. Það ár verður haldinn stórfundur í New York eins og gert hefur verið á afmælum Pekingsáttmálans. Það má einnig minna á í þessu samhengi að Ísland er skuldbundið til að sinna jafnrétti kynjanna sómasamlega samkvæmt CEDAW samningnum (samningur SP um afnám alls misréttis gegn konum), Pekingáætluninni, samþykktum Evrópuráðsins og EES samningnum. Skipta skyldur okkar í samfélagi þjóðanna ekki máli lengur eða getur verið að þingmenn séu ekki upplýstir um þær?

Að lokum þakka ég starfsfólki Jafnréttisstofu fyrir vel unnin störf á síðasta ári og óska jafnréttissinum árangursríkrar baráttu. Spennandi verkefni eru framundan, m.a. vegna stórafmæla árið 2015 en einnig mikilvægra málefna sem bíða úrlausna. Það er ekki í boði að leggja árar í bát heldur þarf að herða róðurinn.

Kristín Ástgeirsdóttir

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2013 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Hugu R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir og Tryggvi Hallgrímsson. Í byrjun ársins kom Bryndís Elfa Valdemarsdóttir til starfa í tímabundin verkefni og Bjarki Ármann Oddsson var starfsnemi á Jafnréttisstofu í lok árs og fram á árið 2014.

Í samræmi við 4. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögnum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagsamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

STARFIÐ 2013

RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf og aðstoð varðandi málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvupóstur sendur þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál. Sum mál eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs.

Jafnréttisstofa veitir lagalega ráðgjöf til einstaklinga og lögaðila sem þangað leita. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum, eftir því hvað á við í hverju tilfalli. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærufærlíð.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir setji sér slíkar áætlanir, lögum samkvæmt. Í samræmi við hlutverk sitt veitir Jafnréttisstofa stofnunum og fyrirtækjum einnig ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2013, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

Jafnréttisstofa kallaði eftir jafnréttisáætlunum opinberra stofnana síðla árs 2012 og árið 2013 var notað til að fara yfir jafnréttisáætlanirnar. Það var 81 stofnun sem féll undir lögin. Töluverður misbrestur var á því að stofnanir væru með jafnréttisáætlanir sem uppfylltu kröfur jafnréttislaga. Ítarlega var farið yfir jafnréttisáætlanirnar sem skilað var inn til Jafnréttisstofu og stofnunum sendar athugasemdir og ábendingar þar sem það átti við, enda ber Jafnréttisstofu að veita m.a. stofnunum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna, sbr. c. lið 3. mgr. 4. gr. Samskipti við stofnanir vegna jafnréttisáætlana voru góð og stofnanir tóku ábendingum og athugasemdum Jafnréttisstofu vel.

Á árinu hófst undirbúningur að því að kalla inn jafnréttisáætlanir allra fyrirtækja með 50 starfsmenn og fleiri. Ákveðið var að miða við þennan hóp fyrirtækja vegna þess að lögin um kynjakvóta í þessari stærð fyrirtækja gengu í gildi á árinu. Þetta eru rúmlega 300 fyrirtæki og var fyrsti skammtur innkallana á jafnréttisáætlunum sendur út undir lok árs. Ljóst er að þetta verkefni mun ná yfir árið 2014 að mestu leyti.

Jafnréttisáætlanir í alla skóla er verkefni sem mennta- og menningarmálaráðneytið stendur fyrir í samvinnu við Jafnréttisstofu. Verkefnið, sem unnið verður á skólaárunum 2013–2015, felst í að aðstoða leik-, grunn- og tónlistarskóla við gerð aðgerðabundinna jafnréttisáætlana með sérstakri áherslu á kynbundið og kynferðislegt áreiti. En auk 18. greinar jafnréttislaga ber skólunum að uppfylla 22. og 23. grein laganna er snýr að nemendum. Vorið 2013 var kallað eftir jafnréttisáætlunum frá 81 grunnskóla, við lok árs höfðu 13 grunnskólar skilað fullnægjandi áætlunum.

ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga gerir Jafnréttisstofa tillögur til ráðherra um verkefni í framkvæmdaáætlun sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar eftir því sem við á, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta. Þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót.

Núgildandi þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára var samþykkt 19. maí 2011. Áætluninni er skipt í eftirfarandi kafla: stjórnarsýslan, vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna, kyn og völd, kynbundið ofbeldi, menntir og jafnrétti, karlar og jafnrétti og loks alþjóðastarf. Alls eru verkefni 43 með tímaáætlun og ábyrgðaraðila sem eru ýmist ráðuneyti eða opinberar stofnanir.

Í ár var tekin saman skýrsla um stöðu verkefna í framkvæmdaáætluninni sem Jafnréttisstofa vann úr skýrslum jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Skýrslan er hluti af Skýrslu félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála árið 2013 sem gefin var út fyrir jafnréttisþingið í október. Hana má lesa á heimasíðu Jafnréttisstofu og á heimasíðu velferðarráðuneytisins.

UMSAGNIR

Á hverju ári fær Jafnréttisstofa töluverðan fjölda umsagnarbeiðna frá nefndasviði Alþingis um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2013:

- | | |
|-------------------|---|
| 9. desember 2013 | Frv. til laga um breytingar á jafnréttislögum, 176. mál, þskj. 211, 143. lþ. |
| 26. nóvember 2013 | Frv. til laga um málefni aldraðra, 185. mál, þskj. 231, 143. lþ. |
| 26. nóvember 2013 | Þált. um málefni útlendinga, 136. mál, þskj. 151, 143. lþ. |
| 21. nóvember 2013 | Frv. til breytinga á l. um almennatryggingar o.fl., 144. mál, 162. þskj., 143. lþ. |
| 21. nóvember 2013 | Frv. til laga um breyt. á alm. hgl. (kynvitund), 109. mál, þskj. 112, 143. lþ. |
| 20. nóvember 2013 | Þált. um atvinnulýðræði, 121. mál, 124. þskj., 143. lþ. |
| 20. nóvember 2013 | Þált. um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra, 71. mál, þskj. 71, 143. lþ. |
| 20. nóvember 2013 | Þált. um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 70. mál, þskj. 70, 143. lþ. |
| 19. nóvember 2013 | Þált. um veitingu rekstrarleyfa fyrir veitingastaði, 97. mál, þskj. 100, 143. lþ. |
| 19. nóvember 2013 | Þált. um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, þskj. 29, 143. lþ. |
| 28. október 2013 | Frv. til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014, 2. mál, þskj. 2, 143. lþ. |
| 28. október 2013 | Frv. til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014, 3. mál, þskj. 3, 143. lþ. |

| | |
|------------------|---|
| 28. júní 2013 | Frv. til laga um breytingar á l. um almannatryggingar nr. 100/2007 og l. um málefni aldraðra, 25. mál, þskj. 40, 142. lþ. |
| 7. mars 2013 | Frv. til laga um útlendinga, 541. mál, þskj. 917, 141. lþ. |
| 13. febrúar 2013 | Frv. til laga um breytingar á l. um fjölmiðla, 490. mál, þskj. 631, 141. lþ. |
| 6. febrúar 2013 | Frv. til breytinga á barnalögum, 323. mál, þskj. 370, 141. lþ. |
| 5. febrúar 2013 | Frv. til breytinga á l. um almannatryggingar, 454. mál, þskj. 573, 141. lþ. |
| 5. febrúar 2013 | Þált. um framkvæmdaáætlun í barnavernd, 458. mál, þskj. 582, 141. lþ. |
| 4. febrúar 2013 | Þált. um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun, 470. mál, þskj., 141. lþ. |
| 22. janúar 2013 | Frv. til stjórnskipunarlaga, 415. mál, þskj. 510, 141. lþ. |

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM STÖÐU KARLA OG KVENNA 2013

Jafnréttisstofa tók saman tölulegar upplýsingar um stöðu karla og kvenna á ýmsum sviðum íslensks samfélags fyrir jafnréttisþingið sem haldið var í október. Efnistöðum er skipt í kafla sem fjalla um; íbúa og fjölskyldur, vinnumarkað og laun, menntamál, stjórnsmál, áhrifastöður í samfélaginu, heilbrigðismál og tölfærði um afbrot og ofbeldi. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu stofunnar.

SKÝRSLA JAFNRÉTTISSTOFU UM NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA

Í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 tekur Jafnréttisstofa saman upplýsingar um hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytanna. Í skýrslunni í ár er að finna greiningu á kynjaskiptingu í nefndum, stjórnnum og ráðum á starfsárinu 2011 og 2012. Skýrsluna má lesa á heimasíðu Jafnréttisstofu.

SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnrétti kynjanna. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Á starfsárinu 2013 svaraði Jafnréttisstofa spurningum frá eftir farandi stofnunum:

International Labour Organisation (ILO) – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuumálastofnuninni, ILO, þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Þær samþykktir sem snúa að jafnréttismálum eru nr. 100 og 111. Í ár svaraði Jafnréttisstofa spurningum stofnunarinnar samráði við velferðarráðuneytið.

World Economic Forum – í samráði við velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið var spurningum svarað um fæðingarorlof, dagvistarmála og skatta vegna árlegrar könnunar WEF á jafnrétti kynjanna. Sem kunnugt er hefur Ísland verið efst á lista WEF undanfarin fimm ár.

Evrópuráðið – Í ár bárust spurningar í tengslum við samþykkt Evrópuráðsins um vernd kvenna gegn ofbeldi (Recommendation Rec (2002) 5 on the protection of women against violence). Þetta er í fjórða sinn sem ráðið kannar stöðu samningsins en í þetta skipti voru spurningarnar aðlagðar að nýjum samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi

sem í daglegu tali er kallaður Istanbul samningurinn. Evrópuráðið gefur út skýrslu um stöðu samþykktarinnar í upphafi næsta árs.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavísni viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi sem starfsmaður Jafnréttisstofu sækir. Jafnréttisfulltrúarnir heimsóttu Jafnréttisstofu í september og var rætt um störf þeirra og ýmis verkefni sem unnið er að á sviði jafnréttismála. Hlutverk starfsmanns Jafnréttisstofu er að veita leiðsögn og auka samstarf jafnréttisfulltrúa. Hugrún R. Hjaltadóttir hefur sótt fundi jafnréttisfulltrúa ár árinu.

KYNJUÐ HAGSTJÓRN

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í verkefnisstjórninni. Heimasíða verkefnastjórnar er á slóðinni: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í stjórn skrifstofunnar, varamaður hennar er Tryggvi Hallgrímsson.

RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa sérstakir styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom verkefninu af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnir ætlaðir sem mótvægi við það og sem tæki fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu setið í ráðgjafarnefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til velferðarráðherra um styrkveitingar. Ingibjörg Elíasdóttir er í ráðgjafahópnum. Á árinu 2013 var 35 milljónum króna úthlutað til 29 verkefna. Verkefnin sem hlutu styrki voru mjög fjölbreytt að vanda, t.d. lyfjaskammtari, afurði úr geitamjólk, útivistarsokkar, gæðavísar í heilbrigðisþjónustu og stuðningsheimili fyrir börn.

VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin sem starfaði á árinu 2009 skilaði skýrslu til ráðherra var ákveðið að eðlilegast væri að starfsemi hennar mundi renna inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmið er að tryggja að jafnréttissjónarmið verði eðlilegur hluti af því starfi sem Velferðarvaktin sinnir en hlutverk þess er að fylgjast með þróun velferðarmála í kjölfar hrunsins 2008. Þórhildur Þorleifsdóttir, þáverandi formaður Jafnréttisráðs var aðalmaður í velferðarvaktinni og

Kristín Ástgeirsdóttir, varamaður hennar. Einnig hefur Hugrún R. Hjaltadóttir sótt fundi í fjarveru þeirra.

SAMRÁÐSHÓPUR UM REGLUGERÐ JAFNLAUNAVOTTUN

Í október 2008 skrifuðu félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undir viljayfirlýsingu um að þau hygðust í samráði við Staðlaráð Íslands hefja gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar launajafnréttis á vinnumarkaði. Yfirumsjón með gerð staðalsins var í höndum svokallaðrar tækninefndar. Jafnréttisstofa átti aðild að tækninefndinni ásamt fleiri aðilum en Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu hefur sinnt því. Vinnu að staðlinum lauk árið 2012 en þá hófst vinna við ritun reglugerðar um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST- 85:2012. Drög að reglugerðinni voru kynnt til umsagnar í lok árs 2013.

STARFSHÓPUR UM AUKNA ÞÁTTTÖKU KARLA Í JAFNRÉTTISSTARFI

Árið 2011 setti velferðarráðherra á fót hóp til að vinna að tillögum um hvernig auka megi þátttöku karla í jafnréttisstarfi. Starfshópurinn skilaði skýrslu með tillögum til ráðherra árið 2013 og lauk þar með störfum. Tryggvi Hallgrímsson átti sæti í starfshópnum og var jafnframt starfsmaður hópsins.

FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd skv. lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 hóf störf 1. september 2011. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði Ingibjörgu Elíasdóttur, lögfræðing á Jafnréttisstofu og fjölmiðlafræðing, varamann í nefndina.

FRAMKVÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA

Í desember 2011 skipaði velferðarráðherra framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem meðal annars var falið að samhæfa aðgerðir til að draga úr launamisrétti kynja og vinna að gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar. Aðgerðaáætlunin var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar í september 2012 og kynnt þann 24. október. Framkvæmdanefndinni var falið að starfa áfram og fylgja aðgerðaráætluninni eftir. Fulltrúi Jafnréttisstofu í nefndinni er Tryggvi Hallgrímsson.

NEFND UM ENDURSKOÐUN REGLNA Í TENGLUM VIÐ AÐGERÐIR GEGN EINELTI Á VINNUSTÖÐUM

Í september 2011 skipaði velferðarráðherra nefnd til að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustöðum, þar á meðal kynferðislega áreitni. Jafnframt skal nefndin fjalla um þau álitæfni sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammasamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Tryggvi Hallgrímsson á sæti í nefndinni fyrir hönd Jafnréttisstofu. Í nefndinni var áhersla á víðtæka samvinnu og eru drög hennar að reglugerð lögð fram til kynningar og umsagnar á árinu og mun nefndin skila af sér tillögum til ráðherra í upphafi árs 2014.

SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS

Í byrjun apríl stóð vinnuhópur velferðarráðherra um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs í samstarfi við Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð fyrir fjölmönnum fundi á Akureyri. Á fundinum var fjallað um það hvernig fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta unnið með samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og stuðlað að fjölskylduvænni vinnustað og samfélagi. Þar kynnti Ragnheiður Eyjólfsdóttir niðurstöður rannsóknar á því hvernig þátttakendum á vinnumarkaði finnst þeim takast að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Einnig var tilraunaútgáfu af bæklingum fyrir stjórnendur og launafólk dreift meðal fundargesta og vinna hófst við gerð fræðslumyndbands sem ætlað er til dreifingar til vinnustaða, sveitarfélaga og framhaldsskóla í landinu. Vinnuhópurinn lauk störfum í apríl 2013 og skilaði þá greinargerð til ráðherra um framkvæmd verkefna og tillögur. Arnfríður Aðalsteinsdóttir var starfsmaður hópsins. Upptökur frá fundinum, rannsókn Ragnheiðar, tilraunabæklingana, greinargerð vinnuhópsins og fleiri gagnlegar upplýsingar má finna á heimasíðunni: www.hiðgullnajafnvægi.is.

SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS

Í byrjun maí setti velferðarráðherra á fót samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis til þriggja ára. Ingibjörg Elíasdóttir var skipuð í teymið. Hlutverk samstarfsteymisins er meðal annars að hafa umsjón með að fylgt sé samræmdri heildarstefnu um heimilisofbeldi, hrinda tilraunaverkefnum í framkvæmd og koma á föstu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, Jafnréttisstofu, lögreglu og félagasamtaka. Einnig er teyminu ætlað að sjá til þess að öll sveitarfélög á Íslandi setji sér aðgerðaáætlun á þessu sviði.

SÉRFRÆÐIHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆÐSLU

Á árinu 2013 var lagður grunnur að Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Sérfræðihópur um jafnréttisfræðslu var skipaður í nóvember það ár. Bergljót Þrastardóttir var skipuð í starfshópinn fyrir hönd Jafnréttisstofu.

MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér eru nefndir nokkrir slíkir fundir.

JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Árið 2013 voru haldnir 4 fyrirlestrar um jafnréttismál á vegum Jafnréttisstofu. Fyrst fjallaði Brynhildur Pétursdóttir frá Neytendastofu um umhverfi og neyslu. Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu hélt fyrirlestur um klám og ofbeldi eins og efnið var til umræðu í skýrslu starfshóps um aukinn hlut karla í umræðu um jafnrétti (sjá hér að framan). Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra hélt fyrirlestur um Kvennalistann og sögu hans í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá því að Kvennalistinn bauð fyrst fram til Alþingis.

8. MARS

Að venju var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á Akureyri var Jafnréttisstofa í samstarfi við Zontaklúbbana á Akureyri, FSA, Akureyrarbæ, Íslandsbanka, Landsbankann og Sparisjóð Höfðhverfinga. Boðað var til fundar um útlitsdýrkun og lýtaaðgerðir.

Á fundinum velti Ebba M. Magnúsdóttir, fæðingar- og kvensjúkdómalæknir fyrir sér hvers vegna konur fara í lýtaaðgerðir og afleiðingum þeirra, hvað stýrir sjálfsmynd kvenna á 21. öldinni og hvort útlitsdýrkun væri farin út fyrir ákveðin mörk. Fundarstjóri var Dr. Ólöf Sigurðardóttir, yfirlæknir á rannsóknardeild FSA.

Í Reykjavík hélt Jafnréttisstofa fund í samstarfi við Jafnréttisráð, ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SSF. Yfirskrift fundarins var: *Kynhlutverk og kynskiptur vinnumarkaður, ný kynslóð nýjar hugmyndir?* Flutt voru þrjú erindi. Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri flutti erindið „Er þetta veröld sem við viljum?“ Um ungt fólk og jafnréttisviðhorf. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands fjallaði um starfsval í valdakerfi. Að lokum flutti Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, kennari í Borgarholtsskóla og forkona Jafnréttisnefndar KÍ erindið: Hefur klámvæðingin áhrif á kynskiptan vinnumarkað? Fundarstjóri var Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ.

JAFNRÉTTISSTEFNA EVRÓPUSAMBANDSINS

Í apríl stóð Jafnréttisstofa að fundi um jafnréttismál innan Evrópusambandsins ásamt Evrópustofu og var fundurinn haldinn á hótél KEA. Gestur fundarins var Agnes Hubert ráðgjafi hjá EU.

KVENNASÖGUGANGA

Farið var í kvennasögugöngu á Akureyri þann 19. júní og þess minnst að konur sem orðnar voru 40 ára og eldri hlutu kosningarétt til Alþingis þann dag árið 1915. Farið var í kvennasögugöngu um Oddeyrina í fyrsta sinn en hátt í 200 manns hófu gönguna frá Ráðhústorgi. Margir einstaklingar komu að göngunni í ár aðrir en leiðsögumaðurinn Örn Ingi Gíslason og leikkonan Saga Jónsdóttir sem fjallaði á skemmtilegan og upplýsandi hátt um Vilhelmínu Lever sem kaus fyrst kvenna til sveitarstjórnar á Íslandi fyrir 140 árum. Þátttakendur í göngunni mættu ýmsum leiknum karakterum á götum Eyrarinnar en ungt fólk úr verkefninu „Skapandi sumarstörf“ hjá Akureyrarbæ setti sig í stellingar íbúa á eyrinni.

ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA

Jafnréttisstofa bauð til árlegs samráðsfundar jafnréttisstofnana á Norðurlöndunum í Reykjavík 5.-6. september. Að þessu sinni voru aðalurmæðuefnin staða og hlutverk félagasamtaka í mannréttindabaráttu og hatursorðræða í netmiðlum. Einnig voru kynntar nýlegar úttektir Norðmanna á skipulagi og stefnu þeirra hvað varðar jafnrétti kynjanna.

LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga fór fram á Hvolsvelli 27. september. Dagskrá fundarins var mjög áhugaverð og fjölbreytt en 37 fulltrúar sveitarfélaga tóku þátt í landsfundinum að þessu sinni. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga er vettvangur fyrir fólk sem vinnur að jafnréttismálum innan sveitarfélaga til að koma saman og ræða helstu þætti jafnréttisstarfsins og kynna sér hvað er efst á baugi í öðrum sveitarfélögum. Að þessu sinni var sérstaklega fjallað um jafnrétti á landsbyggðinni og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

24. OKTÓBER

Kvennafrídagurinn 24. október var haldin hátíðlegur að vanda. Í ár stóð Jafnréttisstofa að opnum fundi á hótél KEA í samstarfi við Akureyrarbæ. Yfirskriftin var: *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir.*

Flutt voru sex erindi sem öll voru helguð kynbundnu náms- og starfsvali og kynskiptum vinnumarkaði. Erindi fluttu Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Baldvin B. Ringsted, kennslustjóri tæknisviðs VMA, Lena Rut Birgisdóttir, námsráðgjafi MA, Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, Berglind Judith Jónasdóttir, húsa- og húsgagnasmiður, Guðrún Björg Eyjólfsdóttir, húsgagnasmiður og Katrín Björg Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar.

FORVARNIR Í ÍPRÓTTASTARFI

Jafnréttisstofa, Ípróttasamband Íslands og Ípróttabandalag Akureyrar héldu opið málþing 22. nóvember í Háskólanum á Akureyri. Á málþinginu var fjallað um forvarnir í ípróttum þar sem m.a. var flutt erindi um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og unglingum í ípróttastarfi, mögulegar forvarnir og viðbrögð þegar slíkt kemur upp.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Jafnréttisstofa tók þátt í árlegu 16. daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi en dagsetningar átakins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, voru valdar til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átakins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Fjöldi samtaka og stofnana koma að áttakinu. Þema átakins var barátta gegn hernaðarhyggju en auk þess var ákveðið á Akureyri að leggja sérstaka áherslu á unglunga, ofbeldi og klámvæðingu.

Jafnréttisstofa hefur haldið utan um dagskrána á Akureyri undanfarin ár í samstarfi við félagasamtök á svæðinu. Í ár var dagskráin mjög fjölbreytt. Hátíðarsýning var á leikverkinu *Sek* með umræðum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en leikritið byggir á dómsmáli vegna kynferðisbrots frá 19. öld. Kvöldguðspjónusta var í Glerárkirkju með þátttöku Afslsins samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi. Farin var ljósaganga gegn ofbeldi frá Akureyrarkirkju en að henni lokinni buðu Sambíóin, Norðurorka og VÍS göngufólki í bíó þar sem sýnd var myndin *Disconnect* en myndin fjallar um netnotkun, klám og einelti. Sigrún Sigurðardóttir lektor við heilbrigðisvísindasvið hélt erindi um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku fyrir heilsufar og líðan unglunga. Í Eymundsson las Bjarni Fritzon upp úr bók sinni *Strákar* og Vigdís Grímsdóttir las upp úr sinni bók *Dísusaga*. Á Amtbókasafninu var samverustund þar sem lesið var upp úr bókum um afleiðingar styrjalda og hernaðar og boðið upp á spjall um efnið. *Amnesty* stóð einnig fyrir bréfamarþoni.

Í Reykjavík tók Jafnréttisstofa þátt í málþingi með Mannréttindaskrifstofu Íslands, Utanríkisráðuneytinu, Rauða krossinum á Íslandi og Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi undir yfirskriftinni *Konur, fríður og öryggi: Framlag Íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðssvæðum*. Á málþinginu var veitt innsýn í störf aðila sem unnið hafa að jafnréttismálum og þar af leiðandi friðaruppbyggingu á stríðsátakasvæðum. Fjórar konur fluttu erindi, þær Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steinunn Björk Bjarkardóttir Pieper, Magnea Marínósdóttir og Helga Þórólfsdóttir, sem allar hafa unnið erlendis fyrir alþjóðastofnanir sem og á vegum Friðargæslu Íslands. Einnig ræddi Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri í utanríkisráðuneytinu, skuldbindingar íslenskra stjórnvalda á sviði jafnréttis- og friðarmála í þessu samhengi. Kristín Ástgeirsdóttir var fundarstjóri.

JAFNRÉTTISÞING 1. NÓVEMBER

Eygló Harðardóttir ráðherra jafnréttismála boðaði til jafnréttisþings 1. nóvember. Fyrir þingið kom út *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála árið 2013*. Í henni er að finna yfirlit yfir aðgerðir, lög, sem og stöðu mála á ótal sviðum sem snerta líf og störf kvenna og karla í landinu. Á jafnréttisþinginu voru flutt nokkur inngangserindi og síðan störfuðu sex málstofur þar sem fjallað var um efnin samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, kynskipan vinnumarkað, kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, konur, völd og áhrif, útvíkkun jafnréttishugtaksins og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins. Í lokin var svo pallborðsumræða með þátttöku fólks úr atvinnulífi og sérfræðinga á sviði jafnréttismála. Skýrslu ráðherra er að finna á neti velferðarráðuneytisins.

FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innanlands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan tekur þátt í eða stýrir.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, áhrifum efnahagskreppunnar á kyn og vinnustaðamenningu. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt erindi og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

Kristín Ástgeirsdóttir hélt erindi um kynbundið ofbeldi á landsfundi Zontaklúbbanna sem haldinn var á Akureyri í mars. Þá hélt hún erindi á ráðstefnu Evrópusambandsins í Brussel um tengsl mannfjöldaþróunar og kynjajafnréttis. Kristín hélt einnig erindi um stöðu jafnréttismála á Íslandi á ráðstefnu í Vilnius sem haldin var í tilefni af formennsku Litháa í ráðherraráði EU. Þá tók Kristín þátt í fundi norska sendiráðsins í Reykjavík í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá því að norskar konur fengu kosningarétt til þings.

Kristín kenndi nokkra tíma á haustmisseri í námskeiði um kynjafræði við Háskólann á Akureyri. Einnig kenndi hún í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands fyrir erlenda gestanemendur.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir hélt áfram að heimsækja grunnskólana á Akureyri þar sem hún var með fræðslu bæði fyrir nemendur og starfsfólk skólanna. Einnig var hún með fræðslu og námskeið í gerð jafnréttisáætlana meðal annars á Dalvík, Húsavík og í Mývatnsveit. Arnfríður hélt utan um og skipulagði fund um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem haldinn var á Akureyri í byrjun apríl. Einnig sá hún um fund um kynbundið náms- og starfsval og kynskiptan vinnumarkað sem haldinn var á Akureyri á kvennafrídaginn 24. október og hélt utan um og skipulagði 16 daga átakið á Akureyri í lok árs. Hún flutti erindi á Landsfundi jafnréttisnefnda á Hvolsvelli þar sem hún kynnti starf vinnuhóps um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Bergljót Þrastardóttir heimsótti grunn- og framhaldsskóla og fræddi nemendur um hlutverk Jafnréttisstofu og staðalmyndir kynjanna. Hún sinnti fræðslu um kynjasambættingu og kynbundið

ofbeldi fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga og stofnana þeirra og kenndi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands. Bergljót tók saman efni og skipulagði árlega kvennasögugöngu sem fór fram á Akureyri þann 19. júní og skipulagði árlegan fund jafnréttisnefnda sveitarfélaga á Hvolsvelli. Bergljót sótti ráðstefnu í Stokkhólmi um jafnréttisfræðslu í norrænum skólum í maí og tók þátt í málþingi um framtíðarstefnu Norðurlandanna í jafnréttismálum í Kaupmannahöfn í október.

Hugrún R. Hjaltadóttir flutti erindi í Riga, Lettlandi um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Hugrún var gestafyrirlesari í námskeiði við Rutgers University, í Newark en hluti af námskeiðinu fór fram við Háskóla Íslands. Námskeiðið hét "Gender and Global Politics" og fjallaði erindið um Jafnréttisstofu og hlutverk hennar. Einnig kenndi Hugrún samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Elíasdóttir flutti nokkur fræðsluerindi, t.d. fyrir stjórnendur hjá Akureyrarbæ og hjá Rotary, um svokallaðar mismununartilskipanir Evrópusambandsins, en það var þáttur í samstarfsverkefni Jafnréttisstofu og Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem styrkt var af Progress-áætluninni. Hún var gestafyrirlesari í mannauðsstjórnun í viðskiptadeild Háskólans á Akureyri og kenndi einnig nokkra tíma í kynjafræði við HA á haustmisseri. Ingibjörg sótti nokkra fundi velferðarnefndar Alþingis þegar eftir því var óskað til að fylgja eftir umsögnum Jafnréttisstofu um lagafrumvörp og hún sótti ráðstefnu um áhættumat vegna ofbeldis í Helsinki í júní. Ennfremur flutti hún erindi um jafnréttismál á þingi Landssambands íslenskra verzlunarmanna í Hofi á Akureyri í nóvember.

Í Janúar hélt Tryggvi Hallgrímsson erindi fyrir stýrihóp Norrænnar rannsóknar um hlutastörf – þar sem fjallað var um samspil markmiða jafnréttislaga á Íslandi og þörf fjölskyldufólks fyrir samræmingu atvinnu- og einkalífs. Þá flutti Tryggvi erindi fyrir nemendur í klínískri ráðgjöf við Háskólann á Akureyri um tækifæri til jafnréttisstarfs í tengslum við breytingaferli. Þann tíunda apríl var erindi um jafnréttisstarf og kynjasamþættingu haldið á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þann 24. apríl hélt hann erindi á Lögfræðitorgi við Háskólann á Akureyri, þar sem umfjöllunarefnið var klám og ofbeldi með sérstaka áherslu á tillögur í skýrslu starfshóps um karla og jafnrétti. Í maí hélt Tryggvi nokkra fyrirlestra í Menntaskólanum á Akureyri fyrir nemendur í þriðja og fjórða bekk. Umfjöllunarefni var sérstaklega tengsl karla við þær spurningar sem fengist er við á sviði jafnréttismála. Í nóvember sótti Tryggvi fund stýrihóps Norrænnar rannsóknar um hlutastörf þar sem umfjöllunarefni fundar var sérstaklega tengsl hlutastarfa og lífeyrisréttindi.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana. Einnig fjallar starfsfólk Jafnréttisstofu um önnur atriði sem snúa að jafnrétti kynja að ósk þeirra sem biðja um námskeiðin hverju sinni.

STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN

Námskeiðið er u.þ.b. ein til tvær klukkustundir að lengd en getur verið aðlagð að þörfum þeirra sem óska eftir því. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina ásamt því að þátttakendur eru hvattir til þess að ræða málin og kryfja hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf. Hvert námskeið er aðlagð að þeim sem óska eftir því og reynt er að taka inn dæmi tengd þeim vinnustað sem á í hlut hverju sinni.

NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja samþættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratriði kynjasamþættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að samþættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni *Jöfnum leikinn*.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum hefur Jafnréttisstofa boðið upp á fyrirlestra (1 klst.), fræðslufundi (2 - 3 klst.) og námskeið (4 – 8 klst.) í skólum með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. Á vor- og haustönn 2013 fengu alls 425 nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins fræðslu um hlutverk Jafnréttisstofu, löggjöf, kynbundið ofbeldi og staðalmyndir kynjanna.

Fræðslufundur var haldinn í janúar með stjórnendum leik- og grunnskóla á Dalvík. Í ágúst var námskeiðið *Kynjagleraugu fyrir kennara* haldið í Giljaskóla á Akureyri og Borgarhólsskóla á Húsavík en Jafnréttisstofa fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara til að halda námskeiðin. Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor var fyrirlesari í Giljaskóla og Kristín Dýrfjörð dósent var fyrirlesari í Borgarhólsskóla en þær starfa báðar við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Arnfríður Aðalsteinsdóttir og Bergljót Þrastardóttir sérfræðingar á Jafnréttisstofu voru fyrirlesarar og leiðbeinendur á báðum námskeiðunum.

NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI

Á árinu voru haldin námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaga um ofbeldi í nánnum samböndum, helstu rannsóknir á sviðinu voru kynntar, aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og úrræði í þessum málaflokki. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við Sigrúnu Sigurðardóttur, hjúkrunarfræðing sem fjallaði sérstaklega um einkenni og afleiðingar kynbundins ofbeldis.

VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 en féll svo niður eftir tveggja ára tilraunverkefni. Verkefninu var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarræðið aðeins fyrir þá. Verkefnisstjórn verkefnisins er í höndum Jafnréttisstofu en Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri þess og formaður stjórnar en Hugrún R. Hjaltadóttir starfsmaður stofunnar situr í stjórninni. Umsjón meðferðarræðisins er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar. Kristján Már Magnússon sálfræðingur starfar á vegum verkefnisins á Akureyri. Á árinu var verkefnið útvíkkað og nær nú betur til maka og kvenna sem beita ofbeldi. Ákveðið var að meta árangur verkefnisins og var samið við RBF – rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvermd við Háskóla Íslands um framkvæmd rannsóknarinnar. Fyrri hluta rannsóknarinnar, sem fólst í viðtölum við karla sem nýttu sér úrræðið *Karlar til ábyrgðar*, lauk á árinu en síðari hlutanum sem felst í viðtölum við maka ofbeldismanna lýkur 2014.

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Á árinu hlaut Jafnréttisstofa styrk frá Progress-sjóði Evrópusambandsins, til tveggja ára. Bergljót Þrastardóttir er verkefnisstjóri verkefnisins sem unnið er í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Markmið verkefnisins er að stuðla að auknum hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja og sýnileika kvenna í áhrifastöðum í atvinnulífinu. Boðið verður upp á námskeið um jafnréttismál og gerð jafnréttisáætlana í fyrirtækjum þar sem fleiri en 50 manns starfa á ársgrundvelli, gefið verður út fræðsluefni, gögnum safnað um stöðu og tækifæri kynjanna þegar kemur að stjórnarsetu og aðgerðir til að auka vitund fólks um málefnið settar í gang. Með verkefninu vill Jafnréttisstofa leggja áherslu á að lagasetning um jöfn kynjahlutföll í stjórnnum er ekki nóg til að ýta undir aukin völd kvenna í efnahagslífinu, það þarf að hafa áhrif á hugmyndir fólks og leggja áherslu á mikilvægi fjölbreytileika í stjórnnum og við stjórnun fyrirtækja

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA OG NÁMSEFNISGERÐ

Í mars lauk samstarfsverkefni Samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar og Jafnréttisstofu um jafnréttisfræðsla í grunnskólum bæjarins. Verkefnið sem stóð frá september 2012 og fram í mars 2013 fólst í stuðningi við skólana við að vinna gegn neikvæðum staðalmyndum kynjanna og var ætlað að tengja saman jafnréttisstefnu og forvarnastefnu bæjarins með áherslu á fræðslu fyrir ungt fólk. Um níu hundruð manns, nemendur og starfsfólk í grunnskólum Akureyrarbæjar, fengu jafnréttisfræðslu á meðan á verkefninu stóð. Arnfríður Aðalsteinsdóttir hélt utan um verkefnið og kynnti hún lokaskýrslu verkefnisins fyrir Samfélags- og mannréttindaráði í lok mars og fyrir Skólanefnd í byrjun maí.

Með vísan í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (2011—2014) lið 29 um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum gerði menntamálaráðuneytið samning við Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisfræðsluefnis. Jafnréttisstofa samdi við: a) Helgu Maríu Þórarinsdóttur kennara á

leikskólanum Lundarseli um að stytta og endurvinnna kennsluleiðbeiningar við bókina *Þegar Friðrik var Friða* en kennsluleiðbeiningarnar urðu til í tengslum við verkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* og b) Unni Gunnarsdóttur og Sigurbjörgu Hallgrímsdóttur kennara í Vogaskóla um að vinna kennsluleiðbeiningar við verkefnið sem þær unnu í tengslum við jafnréttisfræðsluverkefnið. Námsefnið er nú tilbúið til birtingar á netinu og kynningar með fyrirvara um frekari ritstýringu af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU

Jafnréttisstofu bauðst að fá starfsnema í þrjá mánuði sem deildust á árin 2013 og 2014. Neminn var Bjarki Ármann Oddsson. Verkefni hans var að vinna úr könnun á stöðu jafnréttismála innan sveitarfélaganna og einnig að útbúa fræðsluefni um jafnréttismál.

UPPLÝSINGAR UM JAFNRÉTTI KYNJA Á ENSKU

Árið 2012 kom út veglegt upplýsingarit á ensku um jafnréttisstarf og stöðu jafnréttismála á ýmsum sviðum íslensks samfélags. Ritið var prentað í 100 eintökum en er einnig aðgengilegur á heimasíðu Jafnréttisstofu. Útgáfunni var mjög vel tekið og verður vefútgáfan uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Enska heimasíðan hefur verið uppfærð en þar er nú að finna mun ýtarlegri upplýsingar um jafnréttismál á Íslandi.

ERLENDIR OG INNLENDIR GESTIR

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti erlendum gestum sem koma til landsins í ýmsum erindagjörðum sem tengjast jafnrétti kynja. Á árinu 2013 komu bæði hópar og einstaklingar til að fræðast um starfsemi Jafnréttisstofu og stöðu jafnréttismála á Íslandi.


Í upphafi árs kom 12 manna hópur frá Japönsku fyrirtæki: Daily Advertisement community group til landsins til þess að finna aðferðir til að geta skarað fram úr í jafnréttismálum í sínu heimalandi. Sveitarfélagið Malmö í Svíþjóð sendi til landsins fjóra starfsmenn sína og tvo stjórnáamenn til að kynna sér stöðu jafnréttismála í íslenskum sveitarfélögum og samfélaginu almennt. Fjögra manna hópur starfsmanna hjá Society Integration Foundation í Lettlandi kom til landsins til þess að kynna sér stöðu jafnréttismála á Íslandi og koma á tengslum milli sérfræðinga í Lettlandi og Íslandi með mögulegt samstarf í huga.

Í maí kom 4 manna nefnd frá Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðunum til að gera úttekt á jafnréttismálum hér á landi. Nefndin ræddi við fjölda aðila og gaf síðan út bráðabirgðaskýrslu þar sem ýmsar athugasemdir og ábendingar koma fram sem vinna þarf úr.

Í júní komu tvær konur frá ráðuneyti jafnréttismála í Slóveníu til að kynna sér jafnréttismál hér á landi. Þær fengu styrk frá EFTA til ferðarinnar.

Erlendir fjölmiðlar hafa sýnt stöðu jafnréttismála áhuga en í ár tók Jafnréttisstofa á móti blaðamanninum Will Blathwayt frá Asahi Shimbun sem er eitt af fimm stærstu dagblöðum Japans með 7.96 miljón áskrifenda á morgunblaði sínu. Fjallað var um stöðu jafnréttismála á Íslandi, fæðingarorlofslöggjöfina og jafnréttisáætlanir fyrirtækja í greinaröð í blaðinu. Jafnréttisstofa tók

Katrín B. Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar hjá Akureyrarbæ, Þórður Kristinsson, menntaskólakennari og formaður nefndar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi, Tinna K. Halldórsdóttir, nemi, Guðbjörg L. Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði og deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar og Margrét Þorvaldsdóttir, nemi.



KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2013

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa, í samstarfi við Hagstofu Íslands og velferðarráðuneytið, gefið út bækling með tölfræðiupplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku. Útgáfa bæklingins síðustu ár er aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu.

RÉTTUR ÞINN



Árið 2011 gaf Jafnréttisstofa út bækling með mikilvægum upplýsingum fyrir konur af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Bæklingurinn var gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, tælensku, rússnesku og arabísku. Í honum má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi íslenskt samfélag og réttarkerfi. Einnig má finna upplýsingar um jafnrétti kynjanna, dvalarleyfi, hjónabönd, skilnað, forsjármál, umgengismál, fjármál, ofbeldi í nánum samböndum og hótanir. Þar má einnig finna vísanir í frekari upplýsingar um aðstoð, svo sem símanúmer, heimilisföng og heimasíður ýmissa stofnanna og félagasamtaka. Mikil eftirspurn hefur verið eftir bæklingnum og var hann endurprentaður á árinu 2013. Undir lok ársins hófst endurskoðun á efni bæklingins.

NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggir á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „ÄK-JÄM“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í nefndinni. Árið 2011 var samþykkt ný samstarfsáætlun undir yfirskriftinni: *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag - Norrænt samstarf um jafnréttismál 2011-2014*. Ísland gegnir formennsku í norrænu ráðherranefndinni á næsta ári og hófst undirbúningur að formennskuáætluninni á síðari hluta ársins 2013.

Opinberu stofnanir sem annast jafnréttismál á Norðurlöndunum hafa átt samstarf um árabíl. Á árinu var komið að Jafnréttisstofu að halda árlegan fund norrænna jafnréttisstofnana. Fundurinn var

haldinn í Norræna húsinu dagana 5.-6. september. Þema fundararins var tvíþætt annarsvegar hlutverk frjálsra félagasamtaka og hinsvegar haturs orðræða.

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

ESB / EFTA:

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Jafnréttisstofa á sæti í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál og áheyrnaraðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál. EFTA nefndin heldur fundi tvisvar á ári yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafanefndar EU. Á þessum fundum er farið yfir þróun mála hvað varðar nýjar eða endurskoðaðar tilskipanir EU, formennskuáætlanir eru kynntar, skýrslur lagðar fram, og sagt frá því sem er að gerast í jafnréttismálum innan EU. Þessir fundir eru mjög fróðlegir og vekja t.d. athygli á nýju fræðsluefni, ýmist prentuðu eða sem myndböndum á netinu.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hefur um árabil sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW). Á þessu ári var aðalræðuefnið ofbeldi gegn konum en á fundunum er jafnan farið í gegnum kafla Pekingsáttmálans, einn til tvo á ári.

Að venju skipulögðu Norðurlöndin hliðarviðburði en í ár var haldinn einn sameiginlegur fundur með þátttöku ráðherra eða staðgengla þeirra. Hann fjallaði um aðgerðir til að kveða niður ofbeldi gegn konum. Kristín Ástgeirsdóttir flutti ræðu fyrir hönd jafnréttisráðherra. Norræn kvennaathvörf og samtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi héldu hliðarviðburð þar sem farið var yfir stöðuna á Norðurlöndum. Stígámót áttu stóran þátt í skipulagningu fundarins sem var styrktur af Norrænu ráðherranefndinni. Báðir þessir fundir voru afar vel sóttir.

Evrópuráðið:

Evrópuráðið endurskipulagði starfsemi sína árið 2011 þar á meðal það starf sem snýr að jafnrétti kynja. Markmið endurskipulagningarinnar var að tryggja samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun á vegum Evrópuráðsins og brúa bilið milli alþjóðlegra skuldbindinga og raunveruleika kvenna í Evrópu. Þrjú megin þemu hafa verið í samstarfinu: að uppræta ofbeldi gegn konum, berjast gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna í fjölmiðlum og aðgangur kvenna að réttarkerfinu. Jafnréttisstofa tekur þátt í störfum nefndar um jafnrétti kynja (GEC) en Hugrún R. Hjaltadóttir hefur verið tengiliður Íslands við nefndina. Meginhlutverk tengiliðsins er að tengja saman Evrópuráðið og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir jafnrétti kynja í viðkomandi ríki. Tengiliðirnir eiga einnig að koma á framfæri og styðja við innleiðingu samninga Evrópuráðsins á sviði jafnréttis kynja með það fyrir augum að brúa bilið á milli lagalegs jafnréttis og þess veruleika sem blasir við í aðildarríkjum.